

Borgarstjórn Reykjavíkur
7. nóvember 2023

Breytingatillögur Sósíalístaflokks Íslands (J) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023

J-1 Breytingatillaga Sósíalístaflokks Íslands um gjaldfrjálst skóla- og frístundastarf

Lagt er til að gera öll skólastig á vegum borgarinnar gjaldfrjáls með öllu. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru eftirfarandi; tekjur skóla- og frístundasviðs lækka um samtals 4.076 m.kr. að teknu tilliti til þeirra afsláttá sem eru veittir. Þá aukast útgjöld samtals sem nemur 1.036 m.kr., annars vegar um 309 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar í skólamat í grunnskólum og aukinnar aðsóknar í frístund, hins vegar er gert ráð fyrir að útgjöld til sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla aukist um 726 m.kr. vegna skóla- og leikskólagjalda sem foreldrar greiða til sjálfstætt starfandi stofnana. Samtals nema áhrifin 5.112 m.kr. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 5.112 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af handbæru fé.

Greinargerð

Gjaldtaka á ekki að fara fram innan veggja skólanna eða frístundaheimila borgarinnar. Börn hafa engar tekjur og ættu ekki að hafa áhyggjur af greiðslu fyrir þjónustu sem borgin býður upp á. Mikilvægt er að skólastarf og frístundaheimili borgarinnar verði með öllu gjaldfrjálst.

J-2 Breytingatillaga Sósíalístaflokks Íslands um fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði

Borgarstjórn samþykkir að breyta fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði þannig að skatturinn verði 1,65% af fasteignamati húss og lóðar í stað 1,60%. Breytingin gildi frá og með janúar 2024. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995 með síðari breytingum verði því 1,65%.

Greinargerð

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru lækkaðir árið 2021 þar sem borgin kynnti slíkt sem hluta af viðbrögðum vegna áhrifa COVID heimsfaraldurs. Árið 2021 var tekjutap borgarinnar vegna þess um 450 milljónir. Samkvæmt gróflegri áætlun er tekjutapið vegna þessa um 470 milljónir árið 2022 og rúmlega 500 milljónir fyrir árið 2023. Áætla má að hækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði vegna ársins 2024 geti skilað borgarsjóði vel yfir 500 milljónum.